

Innviðaráðuneyti

Umsögn eingöngu send í gegnum Samráðsgátt stjórnvalda.

Reykjavík, 19. ágúst 2026

Efni: Umsögn um mál nr. S-105/2026 – Forsamráð um efnistöð grænbókar um fjarskipti og netöryggi

Innviðaráðuneytið hefur hafið undirbúning að gerð draga að grænbók um fjarskipti og netöryggi. Ráðuneytið hefur óskað eftir sjónarmiðum varðandi viðfangsefni grænbókarinnar. Samtök fyrirtækja í fjármálaþjónustu (SFF) vilja nýta tækifærið til þess að koma á framfæri sjónarmiðum vegna málsins.

Fjarskipti og netöryggi verða sífellt tengdari og eru fjarskipti meðal forsendna fyrir því að hægt sé að eiga samskipti rafrænt og veita stafræna þjónustu. Tækninni fleygir ört fram sem og þar með þeim aðferðum sem svikahópar nýta. Brýnt er að vera sífellt á varðbergi gagnvart því hvernig megi sporna gegn hættu sem svik hafa í för með sér. SFF nefna að samtökin hafa lagt sitt af mörkum í baráttunni gegn svikum á undanförunum árum og hafa m.a. staðið fyrir herferðum, greinarskrifum og átt ýmis samskipti við stjórnvöld.

SFF setur hér fram nokkur atriði til skoðunar við gerð draga að grænbók:

- Nýtt séu þau tækifæri sem felast í vinnslu grænbókarinnar til að draga fram stöðu mála, helstu áskoranir og þá valkosti sem koma til greina til að styðja við öruggt samfélag og tryggja netöryggi og sporna gegn svikum.
- Öflugt netöryggi, viðnámsþróttur og traust stafræn kerfi skipta miklu máli í því nútímaumhverfi sem við búum við.
 - Rétt að skoða sérstaklega í því samhengi hættu og fyrirbyggjandi aðgerðir vegna svika sem snúa að svikasamlegum vefsíðum, svikasamlegum skilaboðum, símtölum o.fl.
- Viðbrögð og getu við tilkynningar vegna svikatilrauna og skjótum og öruggum viðbrögðum við slíkum tilkynningum í tengslum við netöryggi og fjarskipti.
- Þá kann að vera mikilvægt að skoða að til staðar séu tilteknaðar mótþægisáðgerðir sem ráðast skal í þegar svik hafa átt sér stað og þá hvaða áðgerðir sé hægt að grípa til hratt og örugglega.
- Skoða hvaða tækifæri eru til staðar þegar kemur að samstarfi ólíkra aðila í kerfinu vegna yfirvofandi, yfirstandandi og yfirstöðnum svikum; og hvort það séu vannýtt tækifæri til staðar sem rétt sé að bæta úr.

Í samráðsskjalinu kemur fram að það feli ekki í sér drög að stefnu eða endanlega afstöðu stjórnvalda, heldur sé um forsamráð að ræða. Drög að grænbók verða birt til sérstaks samráðs síðar. Áður en drög að grænbók líta dagsins ljós eru SFF boðin og búin til þess að eiga samtal við ráðuneytið og gera grein fyrir umsögn sinni með ítarlegri hætti. SFF áskilja sér rétt á að koma fram frekari sjónarmiðum síðar.

**Virðingarfyllst,
f.h. Samtaka fyrirtækja í fjármálaþjónustu,**



Íris Björk Hreinsdóttir, yfirlögfræðingur SFF